

Miðvikudaginn 18. apríl 1984.

Nr. 112/1982. **Sigmar Pétursson**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

gegn

Rögnvaldi Johnsen

og gagnsök

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Verkkaup.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson og Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttarlögmaður.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. maí 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi skv. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 29. apríl 1982. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst aðaláfrýjandi, að sér verði gert að greiða verulega lægri fjárhæð en segir í hinum áfrýjaða dómi, þannig að allar kröfur eldri en fjögurra ára miðað við þingfestingu málsins verði felldar niður og vextir þá dæmdir frá þingfestingardegi. Til þrautavara krefst aðaláfrýjandi, að sér verði aðeins gert að greiða 22.000.00 krónur og verði þá málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. maí 1982 samkvæmt heimild í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða 32.397.22 krónur með 13% ársvöxtum af 32.892.33 frá 27. nóvember 1976 til 1. janúar 1977, af 32.333.98 krónum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1978, af 30.333.98 krónum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1979, af 29.833.98 krónum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 46%

ársvöxtum af stefnufjárhæðinni, 32.397.22 krónum, frá þeim degi til 27. nóvember 1980, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur aðaláfrýjandi lagt nokkur ný gögn, sem hann telur sýna, að hann hafi innt af hendi frekari greiðslur en gagnáfrýjandi geri grein fyrir í sóknarskjöllum.

Gögn þessi gat hann lagt fram í héraðsdómi. Þau veita ekki sönnun um frekari greiðslur aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda en raktar eru í héraðsdómi.

Kröfur gagnáfrýjanda, þær er hann sækir aðaláfrýjanda um í máli þessu, fynrast samkvæmt lokaákvæði 1. tl. 3. greinar laga nr. 14/1905 frá þeim tíma talið, er þær urðu gjaldkræfar, sbr. 5. grein laganna. Eiga hin sérstöku undantekningarákvæði nefnds 1. tl. 3. greinar um kröfur út af sölu eða annari afhendingu á lausafé ekki við um kröfur þessar. Þá verða fjárgreiðslur aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda upp í viðskipti þeirra ekki virtar sem viðurkenning á kröfum gagnáfrýjanda, sem slitið hafi fyrningu þeirra samkvæmt 6. grein laganna.

Eftir að gagnáfrýjandi höfðaði mál þetta, aflaði aðaláfrýjandi matsgerðar dómkvaddra manna á því, hvert endurgjald gagnáfrýjanda bæri fyrir verk sín. Lagði hann matsgerð þessa fram í dómi kröfum sínum til stuðnings. Sætti gagnáfrýjandi sig við matið og lækkaði dómkröfur sínar til samræmis við það. Auk sýknukröfu, sem ekki er viðhlítandi rökum studd, gerði aðaláfrýjandi þá dómkröfu til vara, „að eldri kröfur en fjögurra ára frá þingfestingu málsins, verði taldar niður fallnar fyrir sakir fyrningar,“ en tiltók þá kröfu ekki tölulega. Tilgreindi hann þannig hvorki hver væri í krónum talið hinn fyrndi hluti þeirrar matsfjárhæðar, sem hann miðaði við í málinu, né gerði grein fyrir því, á hvern hátt óumdeildar greiðslur hans til gagnáfrýjanda ættu að teljast hafa gengið upp í einstaka þætti matsfjárhæðarinnar. Hefur ekki verið úr þessu bætt fyrir Hæstarétti, og þar á meðal hefur engin reikningsgerð um þetta atríði komið fram af hendi aðaláfrýjanda, sbr. 3. tl. 44. gr. laga nr. 75/1973. Þykir aðaláfrýjandi, eins og hér stendur á, verða að bera halla af óskýrleika og vanreifun kröfu sinnar um lækkun matsfjárhæðar samkvæmt þeirri matsgerð, sem hann sjálfur hlutaðist

til um, að fram færi og lagði fram í málinu kröfum sínum til framdráttar.

Þrautavarakrafa aðaláfrýjanda virðist vera byggð á þeim nýju skjölum, sem hann hefur lagt fyrir Hæstarétt. Verður hún ekki tekin til greina samkvæmt því, sem áður var sagt.

Samkvæmt framansögðu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur, þó þannig, að vextir reiknast frá 27. nóvember 1980.

Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 12.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir af dæmdri fjárhæð reiknast frá 27. nóvember 1980.

Aðaláfrýjandi, Sigmar Pétursson, greiði gagnáfrýjanda, Rögnvaldi Johnsen, 12.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i **hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar og** **Halldórs Þorbjörnssonar.**

Við erum sammála atkvæði meiri hluta dómara um, að aðaláfrýjandi hafi ekki sýnt fram á, að hann hafi greitt gagnafrýjanda hærrí fjárhæð fyrir störf hans en miðað er við í héraðsdómi. Enn fremur erum við sammála því, sem þar segir um fyrningu krafna gagnafrýjanda á hendur aðaláfrýjanda og að fjárgreiðslur aðaláfrýjanda til gagnafrýjanda upp í viðskipti þeirra verði ekki virtar sem viðurkenning á kröfum gagnafrýjanda, sem slitið hafi fyrningu þeirra.

Samkvæmt gögnum máls þessa verður við það að miða, að kröfur gagnafrýjanda vegna hústateikninga 1972, sem samþykktar voru í bygginganefnd Reykjavíkur í janúar 1973, og kröfur gagnafrýjanda vegna tímavinnu við teikningar árin 1974 og 1975 hafi allar verið gjaldkræfar meira en 4 árum áður en gagnafrýjandi höfðaði mál þetta á hendur aðaláfrýjanda. Samkvæmt því eru kröfur þessar

fyrndar, en eins og hér stendur á, þykir eiga við það að miða, að greiðslur þær, sem aðaláfrýjandi innti af höndum til gagnáfrýjanda, hafi gengið upp í þær kröfur. Aðaláfrýjandi fékk dómkvadda menn til að meta, hvert endurgjald gagnáfrýjanda bæri fyrir verk sín. Lagði hann matsgerð þeirra fram í dómi kröfum sínum til stuðnings. Gagnáfrýjandi sætti sig við matið og lækkaði dómkröfur sínar til samræmis við það. Þar með féll hann frá kröfum vegna tímavinnu við teikningar árin 1977 og 1978. Eftir er þá endurgjald fyrir tímavinnu vegna teikninga o.fl. árin 1976 og 1979, 105 tíma fyrrnefnda árið, en 46 tíma síðara árið. Hinir dómkvöddu matsmenn segja, að tímakaup arkitekta hafi verið 3.373 gkr. fyrra árið en 12.094 gkr. síðara árið. Samkvæmt því nema þessir tveir liðir alls 9.104.89 krónum. Teljum við, að dæma beri aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð ásamt dómvöxtum (hæstu innlánsvöxtum) frá stefnubirtingardegi 27. nóvember 1980 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 14.000.00 krónur.

Dómur bærþings Reykjavíkur 15. desember 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 10. desember sl., hefur Rögnvaldur Johnsen, Hvassaleiti 123, Reykjavík, höfðað fyrir bærþinginu með stefnu, birtri 27. nóvember 1980, á hendur Sigmari Péturssyni, Suðurlandsbraut 26, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skuld að fjárhæð kr. 32.397.22 með 13% ársvöxtum frá 1. 1. 1976 af kr. 32.892.33 til 1. 1. 1977, en af kr. 32.333.98 frá þeim degi til 21. 11. 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 1. 1978, af kr. 30.333.98 frá þeim degi til 21. 2. 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 6. 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi af kr. 29.833.98 til 1. 9. 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 12. 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 6. 1980 og með 46% ársvöxtum frá þeim degi af stefnufjárhæðinni, kr. 32.397.22, til 1. 3. 1981, en með hæstu dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Af hálfu stefnda er sótt þing og þær kröfur gerðar aðallega, að hann verði alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu, en til vara, að krafa stefnanda verði lækkuð í samræmi við höfuðstól endanlegrar dómkröfu hans, en þó þannig, að eldri kröfur en fjögurra ára miðað við þingfestingu málsins verði taldar niðurfalnar fyrir sakir fyrningar. Þá mót-

mælir hann sérstaklega vaxtakröfu fyrir þingfestingu málsins og krefst að lokum þess, að honum verði tildæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, sem kallar sig „Architectural Designer“, hefur frá árinu 1967 stundað störf sem sjálfstæður arkitekt hér á landi. Hann hefur ekki leyfi til að leggja teikningar sjálfstætt fyrir byggingarnefnd, en hefur fengið arkitekta til þess. Stefnandi teiknaði byggingarnefndarteikningar og verkeikningar fyrir stefnda að veitingahúsi á lóðinni nr. 26 við Suðurlandsbraut í Reykjavík. Þá hafði hann umsjón og eftirlit með byggingu hússins og annaðist ýmsar útréttingar þessa vegna, t.a.m. fundarhöld með byggingaraðiljum, Ferðamálaráði, heilbrigðisgyfivöldum og fleirum. Teikning hans var samþykkt í byggingarnefnd 25. janúar 1973, en stefndi hefur síðan á hverju ári óskað eftir ýmsum breytingum og nýju vinnuframlagi frá stefnanda.

Stefnandi kveðst í máli þessu vera að innheimta verklaun sín vegna þessarar vinnu. Reikningur sá, er stefnandi lagði til grundvallar stefnukröfum sínum, liggur frammi í málinu á dskj. nr. 4, og er hann dags. 2. júlí 1980. Hann dagsetur þar húsateikningu árið 1972 og verðleggur á gkr. 5.873.672. Þessa verðlagningu kveðst hann miða við taxa Arkitektafélags Íslands á verðlagi 1973, 1974. Verðlagningin er miðuð við sérstaka prósenttölu af rúmmáli hússins. Fyrir breytingar, sem hann dagsetur á hverju ári frá 1974 til 1980, kveðst hann taka tímavinnukaup. Heildarreikningur hans nam þannig gerður gkr. 9.907.472. Stefndi hefur greitt mismunandi háar fjárhæðir inn á verk stefnanda öll árin 1972 til 1980. Hann hefur þannig greitt samtals gkr. 1.765.000. Auk þessa greiddi stefndi þann 13. september 1980 gkr. 100.000, en það er eftir dagsetningu reikningsins, en hefur þó verið fært á afrit hans, sem frammi liggur í málinu, en stefnandi fullyrðir, að svo hafi ekki verið gert á frumreikningnum, sem hann hafi sent stefnda í júlí 1980.

Hér fyrir dómi þann 19. maí 1981 kvaðst stefnandi ekki hafa kynnt stefnda sérstaklega eða gefið honum áætlun um, hvað verk hans mundi kosta. Það hafi þó síðar komið til tals á milli hans og stefnda, þegar verkfræðingur, sem vann við bygginguna, framvísaði sínum reikningi. Þá hafi það komið til tals, að reikningur stefnanda yrði hærri en reikningur verkfræðingsins. Stefnandi mundi ekki, hvaða ár þetta var. Stefnandi hélt því fram, að hann hefði oft talað við stefnda um greiðslur og alltaf fengið loford þar um, að hann skyldi greiða, þegar hann hefði selt byggingarréttinn ofan á húsið, þá myndi endanlegt uppgjör koma. Stefnandi viðurkenndi, að hann hefði aldrei gefið stefnda til kynna, hvað verk hans myndi kosta í heild, enda hefði stefndi aldrei um það spurt.

Stefndi gerði ekki upp í heild við stefnanda, og þann 7. október 1980 sendi lögmaður stefnanda honum reikninginn, sem áður er frá skýrt og fram kemur á dskj. nr. 4. Þeim reikningi svarar lögmaður stefnda þann 14. október 1980 og mótmælir þeim hluta reikningsins, sem tekur til viðskipta á árunum 1972 til 1976 sem fyrndum. Í öðru lagi mótmælir hann reikningnum í heild sem allt of háum og órökstuddum, enda hafi stefnandi aldrei framvísað einum einasta reikningi vegna vinnu við húsið að Suðurlandsbraut 26 allar götur frá því að hönnun þess hófst á árinu 1972. Í greinargerð bendir stefndi auk þess á, að ekkert komi fram í málinu um það, að stefnandi hafi gert stefnda reikning eða sett fram kröfur um greiðslur umfram þær, sem inntar hafi verið af hendi til stefnanda samfara hverjum verkþætti, svo sem fram komi af dskj. nr. 4. Hér fyrir rétti þann 19. maí 1981, vidurkenndi stefndi, Sigmar Pétursson, að hafa fengið reikninginn á dskj. nr. 4, en engan reikning annan. Hann sagði sér hafa komið reikningurinn nokkuð spáskt fyrir sjónir, þar sem hann hafi talið sig hafa borgað a.m.k. verulegan hluta verksins, ef ekki allt. Hann sagði, að þegar þeir Rögnvaldur sömdu um þessa vinnu í upphafi, hafi engin verð verið nefnd á verki Rögnvalds. Hann hefði þó reiknað með, að Rögnvaldur ynni eftir taxta Arkitektafélags Íslands, þar sem hann hefði þá álitid, að hann væri arkitekt og ætíð rætt við hann sem slíkan. Það hefði aldrei komið nokkur tala frá Rögnvaldi um, hvað þetta myndi kosta. Hann hefði aldrei reynt innheimtu fyrir hærri upphæðir en hann fékk greiddar. Stefndi sagðist hafa látið það óatalið, þegar hann frétti, að Rögnvaldur hefði ekki leyfi til að leggja teikningar fyrir byggingarnefnd nema með uppáskrift löggilts arkitekts. Það hefði verið samkomulagsatriði þeirra, hversu háar greiðslurnar skyldu vera í hvert sinn, rætt hefði verið um, hvort þetta væri góð greiðsla eða hvað hægt væri að greiða mikið. Hann sagði, að kvittanir Rögnvalds hefðu yfirleitt verið orðaðar svo, að greitt væri upp í verk. Kvittanir þessar hafa verið lagðar fram, og eru þær svo orðaðar, að greitt sé upp í reikning eða teikningu.

Þann 24. júní 1981 voru dómkvaddir matsmenn að beiðni stefnda til að segja álit sitt á því, hvert væri eðlilegt verð fyrir teiknivinnu, sem Rögnvaldur Johnsen annaðist fyrir Sigmar Pétursson, eins og nánar greindi í beiðninni. Beiðninni er skipt í tvennt þannig:

„1. Hvert er eðlilegt verð fyrir þá teiknivinnu Rögnvaldar Johnsen, sem lá til grundvallar þeim teikningum hans, sem samþykktar voru í Byggingarnefnd Reykjavíkur 25. janúar 1973.

Athuga ber hér sérstaklega að leggja verður hér til grundvallar verðlag ársins 1972, bæði varðandi viðmiðunartölur og reikningsfjárhæðir.

2. Hvert er eðlilegt verð fyrir aðra teiknivinnu Rögnvaldar vegna þeirra breytinga sem unnar voru á fyrri teikningum á árunum 1973 til 1980.“

Matsmenn þeir, arkitektarnir Bárður Danielsson og Skúli H. Norðdahl, skiludu mati sínu þann 15. nóvember 1981. Niðurstaða þeirra var sú, að rétt þóknun til stefnanda fyrir bygginganefndarteikningar ætti að nema gkr. 1.176.662, þóknun fyrir verkeikningar ætti að nema gkr. 2.297.282, eða þannig samtals gkr. 3.473.944. Varðandi lið 2 í matsbeiðninni sögðu þeir, að enginn vafi væri á því, að veruleg vinna hefði farið í breytingar, sem greiða bæri sérstaklega skv. tímataxta. Töldu þeir uppgefin tímafjöldi á reikningi, dskj. 4 fyrir árin 1974, 1975, 1976 og 1979 og 1980 geta staðist. Hins vegar hafi það komið í ljós í viðræðum við stefnanda, að tímavinna árið 1977 og 1978 hefði verið vegna innréttinga á annarri hæð hússins, en þóknun fyrir slíka vinnu sé innifalin í rúmmálstaxtanum skv. gjaldskrá Arkitektafélags Íslands. Tímavinnuliðir fyrir þessi ár eigi því að falla burtu. Þá segja þeir, að tímakaup sé í öllum tilvikum reiknað mun hærra en taxi Arkitektafélags Íslands segi til um. Að þessu athuguðu var það niðurstaða matsmanna, að samanlögð þóknun vegna tímavinnu stefnanda skyldi nema gkr. 1.630.778. Heildarþóknun ætti því að nema gkr. 5.104.722.

Að matinu fram komnu ákvað stefnandi að sætta sig við matið, og er kröfugerð hans, eins og hún er nú uppsett á dskj. nr. 16 og útreikningi á dskj. nr. 15, byggð á matsgerðinni. Af hálfu stefnanda er þeirri máls-ástæðu stefnda mótmælt, að hluti kröfu hans sé fyrndur. Vitnar stefnandi í því sambandi til 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Stefnandi heldur því fram, að vinna hans hafi verið samfelld og að hann hafi ætíð verið að reyna innheimtu hjá stefnda og að vinnu hans í þágu stefnda hafi ekki verið fyllilega lokið, fyrr en hann hóf lokainnheimtuadgerðir á árinu 1980. Þá bendir hann á, að stefndi hafi greitt inn á verkið öll árin, sem verkið tók.

Við munnlegan flutning var því haldið fram af hálfu stefnda, að stefnanda hefði borið að gera stefnda reikning, þar sem ekki hefði verið samið um fast endurgjald fyrir verk hans. Þá var því haldið fram, að greiðslur skv. gjaldskrá arkitekta falli í gjalddaga með ákveðnum hætti eftir því sem verkið sé unnið. Verklok vinnuteikninga hafi verið á árinu 1974, en tíma-reikninganna við lok hvers árs. Stefndi hafi alltaf greitt það, sem hann var krafinn um. Líta verði svo á, að greiðslur stefnda séu fullnaðargreiðslur fyrir hvern verkþátt og sé því verkið að fullu greitt.

Varakrafan sé hins vegar byggð á því, að þar sem hér sé um kröfur að ræða vegna afmarkaðra verkþátta, sem taka verði hvern fyrir sig, fyrnist hver fyrir sig. Þá hafi stefnda ekki verið sendur árlegur viðskiptareikningur, en það sé skilyrði skv. 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905, svo kröfur fyrnist ekki skv. því ákvæði.

Álit dómsins.

Stefndi hefur borið fyrir dómi, að hann hafi gert ráð fyrir, að stefnandi

tæki fyrir verk sitt samkvæmt taxa Arkitektafélags Íslands. Kröfugerð stefnanda er á þeim taxa byggð. Stefndi hefur ekki borið fyrir sig, að hann hafi óskað eftir uppgjöri, hvorki fyrir verkið í heild né einstaka hluta þess. Aðilja greinir ekki á um það, að stefndi hafi greitt inn á verk stefnanda öll árin, sem stefnandi vann að verkinu. Kvittanir, sem hann fékk vegna þessarar greiðslna, bera það skýrlega með sér, að greitt er upp í verkið, og samkvæmt framburði stefnda gerði hann sér ljóst, að kvittanirnar voru þess eðlis. Af þessu leiðir, að stefndi gat aldrei velkst í vafa um, að hann hafði ekki að fullu gert upp við stefnanda. Árlegar greiðslur hans inn á verkið verður að meta sem viðurkenningu á þeirri staðreynd, og eru kröfur stefnanda á hendur honum þannig ekki fyrndar, sbr. 6. gr. laga nr. 14/1905. Stefndi hefur lagt fram mat dómkvaddra manna. Af hálfu beggja aðilja er því lýst yfir fyrir dómi, að þeir geri ekki athugasemdir við matið. Þykir því rétt að leggja það til grundvallar dómi í málinu. Höfuðstólskrafa stefnanda, eins og hún er nú orðin, verður þannig tekin til greina.

Fram er komið, að stefnandi sendi stefnda ekki árlegt yfirlit um það, er hann taldi sig eiga hjá honum, og ósannað er, að hann hafi krafist heildaruppgjörs fyrr en með reikningnum á dómskj. 4, þ.e. í júlí 1980. Þá er við það miðað, að stefnandi hafi sent reikninginn í júlí 1980, eins og hann hefur fullyrt, en stefndi hefur ekki lagt fram frumrit reikningsins, eins og honum hefði verið í lófa lagið, vildi hann hrekja þessa fullyrðingu stefnanda. Af þessu þykir leiða, að vextir verði ekki dæmdir samkvæmt kröfugerð stefnanda fyrr en frá 1. ágúst 1980. Krafa stefnanda um hæð vaxta þykir hafa næga lagastöð og er því tekin til greina.

Upphafleg kröfugerð stefnanda var allt of há, og varð því stefndi að kosta til mats á hæfilegu endurgjaldi fyrir verk hans. Stefndi sætti sig þó strax við niðurstöðu mats dómkvaddra manna, en stefndi hélt hins vegar áfram að andmæla kröfum stefnanda þannig breyttum, enda þótt hann gerði ekki athugasemdir við niðurstöðu matsgerðar.

Þegar þessi atriði eru virt, þykir rétt að stefndi greiði stefnanda kr. 4.000.- upp í málskostnað.

Hrafn Bragason, borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sigmar Pétursson, greiði stefnanda, Rögnvaldi Johnsen, kr. 32.397.22 með 46% ársvöxtum frá 1. ágúst 1980 til 1. mars 1981, en með dómvöxtum, sbr. lög nr. 56/1979, frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 4.000.- í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.